

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag Árbakka í landi Laugardæla.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 13. júní 2007 tillögu að deiliskipulagi Árbakkans í landi Laugardæla í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000 þann 23. janúar 2007 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 4. apríl til og með 2. maí 2007. Frestur til að skila athugasemdum var til og með 16. maí 2007.

Uppdráttur og greinargerð vegna tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 5. nóvember 2007.*

**Bárður Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. nóvember 2007